



SAMTÖK UM SÖGUTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU

Stofnfundur að Hofi í Vatnsdal fimmtud. 18. maí 2006 og vinnufundur 19. maí



Hofi í Vatnsdal, þar sem landnámsmaðurinn Ingimundur gamli, ættfaðir Vatnsdæla, settist að.

Fimmtudagur 18. maí

Fundur settur kl 14:30. Eftirtaldir mættu:

Anna Vilborg Einarsdóttir

Ágústa Backman

Ásborg Arnþórsdóttir

Birgir D. Sveinsson

Dagný Emilsdóttir

Ernst Backman

Geir Waage

Gunnar Marel Eggertsson

Haukur Suska

Helga H. Ágústsdóttir

Hólmfríður Ingólfssdóttir

Jóhann Guðni Reynisson

Jórunn Árnadóttir

Leiðsöguskóli Íslands

Sögusafnið í Perlunni

Ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu

Sveitarfélagið Mosfellsbær

Snorrastofa Reykholti

Sögusafnið í Perlunni

Snorrastofa Reykholti

Íslendingur ehf

Verkefni um Vatnsdælasögu

Eiríksstaðir

Skálholti

Þingeyskur Sagnagarður

Sveitarfélagið Mosfellsbær

Jón Gíslason	Verkefni um Vatnsdælasögu
Jón Óskar Pétursson	Grettistak ses
Kristín Sóley Björnsdóttir	Gásaverkefnið
Lára Oddsdóttir	Félag um Hrafnkelssögu
Ólafía Jakobsdóttir	Kirkjubæjarstofa
Pétur Jónsson	Grettistak ses
Rögnvaldur Guðmundsson	Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar
Sólveig Ágústsdóttir	Eiríksstaðir
Pórir Örn Guðmundsson	Víkingar á Vestfjörðum (Gísla saga)

I Heimamenn á Vatnsdæluslóð kynntu verkefni sitt.

Pétur Jónsson hélt stutt erindi um það sem gerst hefur í því verkefni.

II Kynning á lokadrögum að samþykktum samtakanna

Pétur Jónsson kynnti samþykktir þær sem mótaðar voru á undirbúningsfundinum í Skálholti í janúar síðastliðnum. Ýmsar athugasemdir voru gerðar vegna orðalags og unnið var að því að betrumbæta lögina og gera þau gegnsærri. Þau voru síðan lesin upp og samþykkt samhljóða.

Ákveðið var að félagsgjöld yrðu 10.000 kr fyrsta árið fyrir fulla aðild (frá 1/6 2006 til 31/5 2007) en 5.000 kr á ári fyrir aukaaðild (einstaklingar).

Rögnvaldur Guðmundsson bauð sig fram til formanns. Að því loknu kom undirbúningshópur um stofnun samtakanna með tillögur að öðrum stjórnarmönnum.

Tillögurnar voru þessar:

Pétur Jónsson, Grettistaki ses.

Skúli Björn Gunnarsson, Félagi um Hrafnkelssögu.

Kristín Sóley Björnsdóttir, Gásaverkefninu.

Helga H. Ágústsdóttir, Eiríksstöðum.

Fundarmenn samþykktu þessar tillögur og var stjórnin því kosin samhljóða. Auk þess voru Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Gunnar Marel Eggertsson, Íslendingi ehf, tilnefnd sem varamenn í stjórn. Var sú tillaga einnig samþykkt samhljóða.

Þá voru þeir Jón Óskar Pétursson, Grettistaki ses og Björn Þráinn Þórðarson, Mosfellsbæ, kosnir samhljóða skoðunarmenn reikninga og til vara Ágústa Backman og Haukur Suska Gardarsson.

Meðan á kvöldmat stóð kynnti Ernst Backman hugmyndir sínar að merki og bæklingum SSF og var vel tekið í hans hugmyndir. Nokkrar umræður sköpuðust um hvar ætti að byrja á landinu og sátt var um að byrja í Reykjanesbæ, næst alþjóðaflugvellingum í Leifsstöð, og halda svo sólsarsinnis um landið og enda á Suðurlandi.

III Samtökin formlega stofnuð að Þingeyrum

Eftir leiðsögn staðarhaldara um hið glæsilega þjónustuhús var skrifað undir samþykktirnar (sjá fylgiskja hér að aftan) og skálað í kampavíni.



Fundarmenn í gestamiðstöðinni á Þingeyrum að lokinni formlegri stofnun Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu – SSF.

IV Staðarleiðsögn á Þingeyrum og rútuferð með leiðsögn um slóðir Vatnsdælu

Að lokinni stofun félagsins fræddi Erlendur G. Eysteinnsson, bóndi á Stóru-Giljá, fundarmenn um sögu Þingeyra og Þingeyrarkirkju.

Skoðunarferðin var síðan undir styrki stjórn þeirra Jóns Gíslasonar, bónda á Hofi í Vatnsdal og Gríms Gíslasonar, hins kunna fréttaritara á Blönduósi.

Föstudagur 19. maí

V Helstu verkefni Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu 2006-2007

Menn voru sammála um að samtökin ættu að skapa samvinnugrundvöll aðila innan þeirra og rætt var um mikilvægi tengslanets innan- og utanlands, auk sameiginlegs þekkingarbrunnns þar sem möguleiki væri á að miðla þekkingu og reynslu og skiptast á upplýsingum. Helstu hugmyndir sem ræddar voru eru eftirtaldar:



Jón á Hofi ritar undir stofnsamþykktir SSF fyrir hönd verkefnisins "Á slóðum Vatnsdælu."

- Samtökin eiga að vera upplýsingabanki sem aðilar samtakanna myndu geta leitað í til að fá upplýsingar um t.d. handverk, minjagripasölu, fyrirlesara, hleðslumenn, skiltagerð og fleira og fleira.
- Koma upp sameiginlegri leigu á tækjum, tólum og öðrum búnaði í tengslum við hátíðir o.fl.
- Samnýta fyrirlesara og kennara í námskeiðum.
- Sameiginleg markaðssetning er einnig það verkefni sem samtökin ættu að beita sér fyrir að vinna að.
 - nú er fyrsta skrefið stigið með vinnu að sameiginlegri bæklingagerð.
 - plaköt til kynningar sem "kallast á við" bæklingana.
 - koma upp heimasíðu sem fyrst, til að sýna fyrir hvað samtökin standa og lista upp þá aðila sem standa að baki stofun þeirra.
 - einnig var rætt um samræmingu kynningarefnis meðlima að samtökunum s.s. skilti.
- Stuðla að gæðum í sögutengdri ferðaþjónustu á Íslandi. Rætt var um að möguleiki væri á því í framtíðinni að vera með einhvers konar gæðamerki til vottunar á faglegum gæðum. Nota þar merki samtakanna?
- Safna saman efni til að nýta skólafólki á öllum stigum skólastigsins til að efla söguvitund þeirra. Stefna að kynningu sögutengdra staða og verkefna innan skólakerfisins.
- Talað var um mikilvægi markhópagreiningar gagnvart útlendingum sem og Íslendingum.

Kynningarmál

Gefnir verða út bæklingur samtakanna í A4 formi á ensku og íslensku, 10-12 þúsund eintök, sem fyrirhugað er að dreifa í móðurstöðvar. Auk þess verður gefninn út þríbrotinn bæklingur (vasabrot), á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, sem prentaður verður í stærra upplagi (20 þúsund eintök hvor) og mun fá betri dreifingu s.s. á upplýsingamiðstöðvar og víðar. Á undirbúningsstofnfundi í Skálholti í janúar

s.l. var ákveðið að þeir aðilar sem kynntir yrðu í bæklingunum myndu greiða 100.000 kr fyrir að vera þar með.

Jafnframt er stefnt að gerð heimasíðu og prentun á tveimur gerðum af plakötum, þ.e. einu þar sem aðilar samtakanna eru listaðir upp en hitt verður með n.k. glugga þar sem möguleiki er að setja inn dagskrá aðila heima fyrir. Leitast verður við að fá styrktarlínur frá ýmsum aðilum í formi vefsíðna á baksíðu bæklingansins.

Að ári verði stefnt að því að aðilar innan samtakanna hafi 2-3 daga að vori þar sem einum árangri grunnskóla verður boðið uppá dagskrá. Markmiðið með þessu er að efla söguvitund barnanna: “Sögutengdir vordagar”.



Þórdísarlundur í Vatnsdal, til minningar um Þórdísi Ingimundardóttur, fyrsta barnið sem fæddist í dalnum að því er sögur herma.

Eftirtalið var álitnið brýnt að samtökin stæðu fyrir ef fjármagn fengist:

- Fara í kynningar í skóla.
- Halda námskeið fyrir meðlimi samtakana.
- Skipuleggja námsferðir til útlanda, til að læra af reynslu annarra.

Eftirtaldir hópar og hópstjórar voru lagðir til og munu þeir taka til starfa með haustinu.

- Hátíðir: Jón Óskar Pétursson
- Handverk / minjagipir: Anna Heiða Guðmarsdóttir
- Fræðslumál: Anna Vilborg Einarsdóttir
- Markaðsmál: Ákveða fljótlega.

Fundi slitið 11:45

Fundargerð ritaði Kristín Sóley Björnsdóttir.

SAMÞYKKTIR

fyrir Samtök um sögutengda ferðaþjónustu

1. gr. Samtökin heita *Samtök um sögutengda ferðaþjónustu*. Heimili þeirra og varnarþing fylgir heimili formanns hverju sinni.
2. gr. Markmið samtakanna er að efla sögutengda ferðaþjónustu á Íslandi og að vera samráðsvettvangur þeirra aðila er stunda slíka ferðaþjónustu. Í upphafi skulu samtökin leggja áherslu á arfleifð íslenskra miðaldabókmennta, fyrstu aldir Íslandsbyggðar og miðaldamenningu. Markmiði sínu hyggjast samtökin ná með því að:
 - mynda tengslanet milli aðila í samtökunum
 - miðla þekkingu innan samtakanna
 - standa að sameiginlegri kynningu og markaðssetningu
 - stuðla að fagmennsku í sögutengdri ferðaþjónustu
 - stuðla að samstarfi við aðila sem vinna að sambærilegum málum innanlands og utan
3. gr. Félög, stofnanir, opinberir aðilar og fyrirtæki sem koma að sögutengdri ferðaþjónustu geta orðið fullgildir aðilar að samtökunum. Einstaklingar o.fl. geta einnig sótt um aukaaðild að samtökunum. Fyrir aukaaðild greiðist hálf árgjald en henni fylgir aðeins málfrelsi og tillöguréttur á félags- og aðalfundum. Ósk um aðild skal komið á framfæri við stjórn samtakanna og lögð fyrir aðalfund eða næsta félagsfund til samþykktar eða synjunar.
4. gr. Félagsfundir skulu haldnir eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni og skulu þeir boðaðir með skriflegu fundarboði í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundardag. Félagsfundir eru lögmatir sé löglega til þeirra boðað. Félagsfundur skal haldinn óski þriðjungur fullgildra félagsmanna þess.

Á félagsfundum fer hver fullgildur aðili að samtökunum með eitt atkvæði. Í upphafi félagsfunda skal framvísa skriflegum umboðum um það hver fer með atkvæðisréttinn. Aðrir þeir er sitja félagsfundi á vegum aðila að samtökunum hafa málfrelsi og tillögurétt. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á félagsfundum.
5. gr. Aðalfundur samtakanna hefur æðsta vald í málefnum þeirra. Skal aðalfundur haldinn í síðasta lagi 30. júní ár hvert. Aðalfundur er lögmatir ef löglega er til hans boðað samkvæmt því sem segir um boðun félagsfunda í 4. gr. Verkefni aðalfundar eru:
 1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
 2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna.
 3. Afgreiðsla reikninga.
 4. Lagabreytingar.
 5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun.
 6. Ákvörðun árgjalds.
 7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
 8. Önnur mál.

6. gr. Árgjald samtakanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert. Að öðru leyti fjármagna samtökin starfsemi sína með frjálsum framlögum, styrkjum og verkefnatengdum greiðslum.
7. gr. Stjórn samtakanna skal skipuð fimm mönnum: formanni, gjaldkera, ritara, sem jafnframt er varaformaður, og tveimur meðstjórnendum. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi og skipta þeir með sér verkum. Varastjórn skipa tveir menn og skal hún kosin í einu lagi. Kosnir skulu tveir skoðunarmenn og tveir til vara. Kosið skal eftir tilnefningum fullgildra aðila. Kosning skal vera skrifleg ef tilnefningar koma fram um fleiri en nemur þeim embættum sem kosið er til hverju sinni. Kjörgengir eru þeir sem tilnefndir eru af hálfu fullgildra aðila á aðalfundi. Heimilt er að kjósa skoðunarmenn úr hópi utanfélagsmanna.
8. gr. Verkefni stjórnar skulu vera:
- Að stýra málefnum samtakanna á milli aðalfunda..
 - Vera málsvari samtakanna út á við.
 - Innheimta árgjöld aðildarféлага.
 - Afla framlaga úr sjóðum opinberra aðila, stofnana eða fyrirtækja til þeirra verkefna sem samtökin hyggjast beita sér fyrir hverju sinni.
 - Varðveita sjóði félagsins og leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir aðalfund.

Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir. Hafi sex mánuðir liðið frá síðasta stjórnarfundum er formanni skylt að boða til fundar ef einn stjórnarmanna krefst þess.

9. gr. Samþykktum þessum má aðeins breyta á lögætum aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.
10. gr. Samtökunum verður einungis slitið á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta fullgildra aðila og skal slíkrar tillögu getið í fundarboði. Við slit samtakanna skulu eigur þess renna til félagasamtaka sem hafa svipuð markmið.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Á stofnfundi samtakanna skal kosin stjórn, sbr. 5. gr., sem hefur umboð fram að fyrsta aðalfundi árið 2007.
2. Stofnaðilar geta þeir orðið sem sækja um aðild að samtökunum fyrir 1. ágúst 2006.